

# Vinnustofur um BA-/BS-ritgerðir

Guðrún Línberg Guðjónsdóttir, [glg4@hi.is](mailto:glg4@hi.is)

Rannveig Sverrisdóttir, [rannsve@hi.is](mailto:rannsve@hi.is)



# Ritver Hugvísindasviðs



- Ritver Hugvísindasviðs veitir öllum nemendum HÍ aðstoð við stórar og smáar ritsmíðar (ritgerðir, námskeiðsverkefni, skýrslur, lokaverkefni o.s.frv.).
- Allir nemendur Háskóla Íslands geta pantað viðtalsfund sér að kostnaðarlausu.
- Ritverðir veita aðstoð við efnisafmörkun, rannsóknarspurningu, uppbyggingu, mál og stíl, heimildamat, heimildatilvísanir, frágang, útlit og fleira
- Ritverið er í stofu 005 í kjallara Nýja-Garðs
- Nýjung: Ritversþjónustua í Þjóðarbókhöllu
- Nánari upplýsingar á [vefir.hi.is/ritverhugvisindasvids](http://vefir.hi.is/ritverhugvisindasvids) og á Facebook-síðu ritversins

# Skipulag vinnustofu

- Fyrsti fundur, 25. janúar
  - Reglur um BA-/BS-ritgerðir, efnisafmörkun, rannsóknarspurning
- **Annar fundur, 15. febrúar**
  - **Heimildir: Leit, mat og skráning**
- Þriðji fundur, 7. mars
  - Glíman við textann
- Fjórði fundur, 4. apríl
  - Frágangur, yfirllestur, sniðmát

# Viðfangsefni dagsins

- Heimildir
  - Hvar og hvernig á að leita að heimildum?
  - Mat og meðferð heimilda
    - Val á heimildum
    - Frumheimildir og eftirheimildir
    - Ritryndar heimildir
  - Skráning heimilda
    - Tilvísanir og heimildaskrá
    - Heimildaskráningakerfi

**HEIMILDIR: LEIT**

# Heimildaöflun

- Hvaða heimildir eru til?
- Hvar á að leita?
  - Kanna handbækur og ritaskrár
  - Skoða heimilda- og atriðisorðaskrár
  - Yfirlitsgreinar um efnið
  - Bókasöfn
  - Rafræn gagnasöfn
  - Netíð (t.d. Google, Google Scholar)

Ekki vanmeta þann tíma sem fer í heimildaleit!

# Bókasöfn og rafræn gagnasöfn

- Bókasöfn
  - Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn
  - Borgarbókasöfn
  - Skjalasöfn
  - Millisafnalán
- Leitarvélar og efni á vef
  - Leitir.is (Ath. Gegnir.is er ekki uppfærður – Leitir.is tók við...)
  - Tímarit í opnum aðgangi hjá Landsbókasafni
- Mikilvægt að kunna að leita í þessum kerfum til þess að ná hámarksárangri
- Kynnið ykkur námskeið í heimildaleit á vegum Landsbókasafns
  - Sjá einnig glærur á vef Ritversins

# Google og Google Scholar

The Google logo, consisting of the word "Google" in its characteristic multi-colored font (blue, red, yellow, blue, green, red).The Google Scholar logo, featuring the word "Google" in its characteristic multi-colored font with the word "Scholar" in a smaller, blue font centered below it.

- Google: Víðtæk leit á netinu, niðurstöður leitar af ýmsu tagi
- Nauðsynlegt að vega og meta heimildir
- Google Scholar: Leitar í fræðilegu efni á netinu



# Í upphafi

- Við þurfum ekki að lúslesa allar heimildir sem tengjast viðfangsefninu
  - Lesa efnisyfirlit
  - Skimun
  - Hvaða upplýsingar vantar okkur? – semja spurningar
  - Lesa vel það sem mun nýtast
- Í glósum er best að skrá nákvæmlega heimild og blaðsíðutal ef tilefni er til þess að kanna heimild betur
- Notum það sem er nauðsynlegt og sleppum öðru
  - það gæti þó komið að gagni síðar; við þurfum ekki að sjá á eftir tímanum sem fer í heimildavinnu

# Afmörkun leitar

- Notið efnisorð til að afmarka leitina
  - Skilgreina efnið
  - Finna leitarorð sem lýsa efninu
  - Afmarka leit með leitartáknum eða þrengri efnisorðum
- Víðtæk efnisorð veita mikinn fjölda niðurstaðna

**HEIMILDIR: MAT**

# Frumheimildir og eftirheimildir

- Veljum traustar og áreiðanlegar heimildir
- Verum gagnrýnin í vali á heimildum
- Ath. að námsritgerðir byggjast oft eingöngu á eftirheimildum en það er samt sem áður mikilvægt að átta sig á muninum á þessum megingerðum heimilda

# Frumheimildir

- Frumheimildir eru frumgögn af einhverju tagi
  - forn handrit og skjöl
  - dómar
  - kirkjubækur
  - bréf
  - **greinar um rannsóknir**
- Hlutir eða mælt mál
  - hönnun
  - fornleifar
  - ræður
  - viðtöl
  - kannanir
- Í frumheimildum er enginn milliliður sem hefur túlkað gögnin

# Eftirheimildir

- Heimildir sem byggjast á öðrum heimildum /afleiddar heimildir
  - að minnsta kosti ein túlkun á frumheimildum hefur átt sér stað
  - ef heimild sem vitnað er í er tiltæk á að nota hana fremur
- Þegar margir hafa túlkað sömu frumgögn þarf að vega og meta meðferð þeirra á heimildum
- Eru augljósar þversagnir?
- Eru augljós göt í umfjöllun?

# Val á heimildum

- Nota frumheimildir eins og kostur er og eftirheimildir til stuðnings.
- Stundum er eðlilegt að nota einungis eftirheimildir t.d.:
  - erfitt að nálgast frumheimild, hún er ekki til á landinu og fæst ekki í millisafnaláni
  - áreiðanlegar útgáfur á textum í stað handrita eða bréfa
  - frumheimild krefst mikillar sérfræðipekkingar sem ekki er hægt að ætlast til að nemendur hafi

# Val á heimildum

- Algengt að nemendur noti kennslubækur sem heimildir í ritgerðum
- Kennslubækur grunn- og framhaldsskóla eru yfirleitt algjörar eftirheimildir og birta engar nýjar staðreyndir eða hugmyndir; geta jafnvel verið úreltar
- Meta þarf kennslubækur á háskólastigi; þær geta falið í sér nýjar rannsóknir en ekki alltaf



# Val á heimildum

- Fræðirit sem eru sérsniðin að „hinum almenna markaði“ eru varasöm
  - hafa ekki þann tilgang að vera framlag til fræðilegrar umræðu
  - mörg algjörar eftirheimildir og ekki heppilegar sem fræðilegar heimildir
  - undantekningar, t.d. yfirlitsrit sem eru einar sinnar tegundar
- Öðru máli gegnir ef ritgerð snýst t.d. um framsetningu eða umfjöllun tiltekins efnis í kennslubókum eða almennum fræðiritum

# Ritrýni

- Hvað er ritrýni?
  - Verk höfundar hefur verið lesið yfir af ritstjóra og öðrum fræðimönnum, yfirleitt einum eða tveimur, sem eru sérfróðir um efnið
- Hvað er ritrýnt?
  - flestar bækur sem gefnar eru út af háskólaforlögum
  - greinar í fræðilegum tímaritum
  - misjafnt hve mikil vinna er lögð í ritrýni því sum tímarit eru hærri í virðingastiganum en önnur

# Fræðilegar kröfur

- Í ritgerðum nemenda er mjög algengt að heimildir séu notaðar gagnrýnislaust
- Allar heimildir verður að meta, alveg sama hvers eðlis þær eru
  - Einfaldast að kanna hvort vinnubrögð höfundarins standist helstu kröfur um heimildanotkun og heimildatilvitnanir

# Við hvað er stuðst?

- Það er grundvallarkrafa í fræðilegri umræðu að lesandinn geti séð hvaðan höfundur tekur þær staðhæfingar sem koma fram í verkinu
- Fræðileg verk þurfa því að hafa:
  - heimildaskrá með fullnægjandi upplýsingum um heimildirnar
  - tilvísanir sem sýna hvernig heimildirnar í heimildaskránni voru notaðar
- Kennslubækur og alþýðleg fræðirit standast yfirleitt ekki þessar kröfur

# Ábyrgð höfundar

- Stundum gerir höfundur sig samábyrgan því sem stendur í heimild með orðalagi:
  - X hefur sýnt fram á að...
- Oft er betra að taka ekki afstöðu og nota hlutlausara orðalag:
  - X telur að...
  - X hefur leitt rök að því að...
  - X hefur bent á að...

# Samanburður heimilda

- Það er ekki nóg að kanna aðeins hverja heimild fyrir sig
  - það þarf líka að bera heimildir saman og sjá hvað fræðimenn eru sammála um og hvað ekki
- Sé ágreiningur milli fræðimanna verður að skoða þær röksemdir sem þeir hafa fram að færa
  - því það er besta leiðin til að meta gildi fræðilegra hugmynda

# Viðteknar hugmyndir

- Í öllum fræðum eru hugmyndir sem flestir ef ekki allir fræðimenn fallast á
- Samhljóða niðurstaða fræðimanna er þó ekki alltaf traust:
  - hún getur verið byggð á einni rannsókn sem aðrir hafa samþykkt athugasemdalaust
  - þá geta komið fram nýjar rannsóknir sem kollvarpa þessari niðurstöðu
- Stundum nauðsynlegt að vinda ofan af mörgum eftirheimildum til að finna hver sagði hvað fyrst

# Áreiðanleiki heimildar

- Höfundur
- Vettvangur, birting
- Vinnubrögð
- Aldur
- Afstaða til viðfangsefnis, hagsmunatengls



# Hver er höfundurinn?

- Í heimildamati er gott að hafa í huga hver höfundur heimildarinnar er
  - að öllu jöfnu hljóta verk viðurkenndra fræðimanna að vega þyngra en leikmanna eða nemenda
- Fræðimenn eru þó ekki óskeikulir
- Fræðimenn nota stundum efni sem þeir hafa ekki mikla þekkingu á
  - t.d. erlendir fræðimenn sem vitna í íslenskar greinar eða bókmenntir og ljóst er af dæmum að skilningur þeirra á íslensku máli er takmarkaður

# Bækur eða greinar

- Það er algengur misskilningur að bækur séu merkilegri heimildir en greinar
  - gildi heimildar fer ekki bara eftir lengdinni
  - greinar eru oft betur ritrýndar en bækur og birta meira af nýjum hugmyndum
  - greinar ná líka yfirleitt til fleiri lesenda en bækur vegna þess að háskólabókasöfn reyna að kaupa öll mikilvægustu tímaritin

# Netheimildir

- Sífelld eykst fjöldi góðra og gildra heimilda á netinu
- Þær þarf að vega og meta á svipaðan hátt og prentaðar heimildir
  - Hve gamlar eru upplýsingarnar?
  - Er ljóst hver skrifaði þær?
  - Hefur síðan verið uppfærð nýlega?
  - Eru upplýsingarnar nauðsynlegar og ekki aðgengilegar annars staðar?
  - Jafngilda þær fræðiriti?

# Aldur heimildar

- Mikilvægt er að huga að aldri heimildar
  - hver heimild tekur mið af þekkingu og viðhorfum síns tíma
  - gamlar heimildir geta verið úreltar að einhverju leyti
  - ef mjög gömul heimild er notuð þarf að kanna hvað hefur verið sagt um sama efni síðan
  - ef heimild er gömul og ekkert hefur verið skrifað um efnið síðan er nauðsynlegt að meta hvaða áhrif nýir straumar og nýjar hugmyndir hafa

# Frumútgáfa og endurútgáfa

- Sum rit eru gefin út oftár en einu sinni
  - mikilvægt að nemendur átti sig á því hvaða útgáfu þeir hafa í höndum og hverju munar á henni og öðrum útgáfum
- Ný útgáfa er ekki það sama og ný prentun
  - ný útgáfa felur í sér breytt innihald
  - ný prentun er oftast óbreytt að innihaldi en e.t.v. hafa villur verið lagfærðar

# Þróun vísinda

- Allir vita að raunvísindi þróast mjög hratt
  - Því dytti fáum í hug að nota margra áratuga gamlar bækur í líffræði eða læknisfræði nema tilgangurinn væri að kanna eldri hugmyndir
- Hugvísindi og félagsvísindi standa ekki í stað frekar en raunvísindi
  - breytingar í samfélaginu kalla á nýja nálgun
  - ríkjandi straumar og stefnur hafa áhrif hverju sinni

# Algengar gryfjur

- „Almennt er talið...”
- „Fræðimenn eru sammála um...”
- „Eins og allir vita...”
- „Margir hafa bent á...” (í lagi ef við vísum til margra fræðmanna í kjölfarið)
  - Getum við með óyggjandi hætti vísað í allar þær heimildir sem styðja þessar setningar?

**HEIMILDIR: SKRÁNING**



# Vönduð vinnubrögð

- Forðumst ritstuld – notum gæsalappir
- Vísum alltaf í heimildir ef hugmyndirnar eru ekki okkar
- Notum tilvísunarkerfi rétt og gætum samræmis
- Skráum heimildir jafnóðum – sparar tíma og vinnu

# Heimildaskráning - kerfi

- APA kerfið
- [Chicago kerfið](#)
- Oxford kerfið
- MLA kerfið
- OSCOLA staðall
- Og fleiri....! Kynnið ykkur hefðir í ykkar grein

# Lesmál

- **Tilvitnun** - Efni sem tekið er úr heimild
- **Tilvísun** - Vísar til heimildar í heimildaskrá

Tilvitnun



Uppeldismál eru álitamál sem verður að taka alvarlega, auk þess eru þau oft hitamál og í eðli sínu **pólitísk** (Jón Torfi Jónasson, 2006, bls. 40).



Tilvísun

# Tilvitnanir

- Í efni (óbein tilvitnun)
  - Upplýsingar eða efnisatriði sem fengin eru úr heimild og gerð grein fyrir með eigin orðum
- Í orðalag (bein tilvitnun)
  - Texti er tekinn orðrétt upp úr heimild
- Í myndefni
  - Myndefni annarra höfunda og fræðimanna. Línurit, göf, töflur, teikningar, ljósmyndir...

# Óbein tilvitnun – tilvitnun í efni

- Algengasta notkun heimilda í fræðilegum skrifum
  - Eigin orð
  - Fellt að efninu
  - Meginhugsun sú sama
  - Gæta þess að afbaka ekki eða breyta merkingu

# Bein tilvitnun – tilvitnun í orðalag

- Ólík notkun eftir fræðasviðum
- Textinn auðkenndur sértaklega þannig að ljóst sé að um beina tilvitnun er að ræða.
- Ekki vitnað til orðalags annarra til að segja það sem höfundur vildi sjálfur sagt hafa

# Stuttar og langar tilvitnanir

- **Stutt** bein tilvitnun er afmörkuð með gæsalöppum:  
„Allar frásagnir hafa sögumann, rödd sem talar við okkur sem lesur og segir okkur frá“ (Silja Aðalsteinsdóttir, 1999, bls. 81)
- **Löng** bein tilvitnun er afmörkuð með inndrætti:

Fram yfir 1930 voru einungis skrifaðar stuttar sögur handa börnum á Íslandi og yfirleitt gefnar út nokkrar saman, ævintýri, bernskuminningar og hvunndagssögur af ýmsum börnum eða með eitt barn sem aðalpersónu. Upp úr 1930 verður umtalsverð breyting á því, og má tengja þá breytingu við þjóðfélagsþróunina og þróunina í bókmenntum okkar yfirleitt. (Silja Aðalsteinsdóttir, 1981, bls. 149)

# Tilvísanir

- Vísa úr lesmáli í heimildaskrá
- Gæta samræmis milli tilvísunar og heimildaskrár
  - Tilvísunin skal vísa lesanda á réttan stað í heimildaskrá
- Heimildir sem vísað er til eiga að vera í heimildaskrá, nema:
  - Munnlegar heimildir – klassísk verk – heil vefsvæði
- Í heimildaskrá eiga **ekki** að vera heimildir sem ekki er vísað til í ritsmíðinni



# Tilvísun

(Nafn höfundar, ártal, bls. xx)

aðeins eftirnafn erlendra höfunda

Margir taka uppeldismál alvarlega og um þau er stundum deilt því þau eru í eðli sínu álitamál (Jón Torfi Jónasson, 2006, bls. 40).

Nafn höfundar

Ártal

Blaðsíðatal

Tilvísunarsvigi

# Áhersla og staðsetning tilvísana

- Áhersla á efni

Rannsóknir á ritun öðluðust viðurkenningu í Bandaríkjunum á sjöunda og áttunda áratug 20. aldar og urðu fyrirmynd að skrifum Norðmanna um efnið (Dysthe og Hertzberg, 2007, bls. 10).

- Áhersla á höfund

Dyste og Hertzberg (2007, bls. 10) benda á að skrif Norðmanna um ritun hafi fyrst og fremst sótt til fordæmis Bandaríkjamanna sem fyrstir hófu rannsóknir á ritun til vegs og virðingar á sjöunda og áttunda áratug 20. aldar.

- Áhersla á tímasetningu

Árið 2007 bentu Dysthe og Hertzberg á að Norðmenn hefðu fyrst og fremst sótt fyrirmyndir til Bandaríkjanna þegar þeir sökktu sér í rannsóknir á ritun (bls. 10).

# Áhersla og staðsetning tilvísana

- **Áhersla á efni**

Margir taka uppeldismál alvarlega og um þau er stundum deilt því þau eru í eðli sínu álitamál (Jón Torfi Jónasson, 2006, bls. 40).

- **Áhersla á höfund**

Jón Torfi Jónasson (2006, bls. 40) segir marga taka uppeldismál alvarlega og að um þau sé stundum deilt því þau eru í eðli sínu álitamál.

- **Áhersla á tímasetningu**

Í umræðum um menntamál árið 2006 benti Jón Torfi Jónasson (bls. 40) á að margir taki uppeldismál alvarlega og að um þau sé stundum deilt því þau eru í eðli sínu álitamál.

# Staðsetning tilvísana

- Tilvísun á EKKI alltaf að LOKA efni úr heimild
  - Þess vegna ekki í lok efnisgreinar
- Tilvísun á að OPNA efni úr heimild
  - Á eftir eða í upphafi fyrstu málsgreinar sem fengin er úr efninu

Yfirleitt ekki vandamál hjá reyndum höfundum sem notast við margar heimildir og taka lítið frá hverri

# Heimildaskrá og sætin fimm

- Höfundarsætið
- Tímasætið
  - Hver samdi verkið?
- Titilsætið
  - Hvenær birtist það?
- Útgáfusætið
  - Hvað heitir það?
  - Hvar er það?
- Vefsætið
- Viðbótarupplýsingar

# Heimildaskrá og sætin fimm

- Prentuð heimild:



Höfundarsæti. (tímasæti). *Titilsæti*. Útgáfusæti.

- Heimild af neti:

Höfundarsæti. (tímasæti). *Titilsæti*. Vefsæti

- Hvorki útgáfu- eða vefsæti þegar skráðar eru prentaðar greinar úr tímaritum
- Ýmsar viðbótarupplýsingar eru skráðar í sviga eða hornklofa þar sem við á

# Sætin fimm



# Höfundarsætið

- Höfundur
  - Finnegan, R.
  - Hanna Ragnarsdóttir
- Ritstjóri
  - Humphreys, C. og Stanley, N. (ritstjórar)
  - Árni Böðvarsson og Bjarni Vilhjálmsson (önnuðust útgáfu)
- Stofnun
  - Mennta- og menningarmálaráðuneyti
- Titill
  - *Basic history of immigration*
  - *Cambridge advanced learner's dictionary*



# Höfundarsætið

- Fullt nafn íslenskra höfunda
  - Jóhanna Einarsdóttir
- Íslenskir höfundar erlendis...
  - Jóhanna Einarsdóttir, Einarsdóttir, J. eða Einardóttir, J.
- Eftirnafn og fyrsti stafur fornafns erlendra höfunda
  - Dewey, J.

Aðeins eftirnafn í tilvísun (Dewey, 2000, bls. 45)

# Tímasætið

- Útgáfuár heimildar
  - (2010)
- Stundum nákvæmari dagsetning
  - (2010, 4. maí)
  - (2019, vor)
- Ef vantar dagsetningu
  - (e.d.)
  - (í prentun)
- Aðgreining verka
  - (2010a), (2010b), (2010c) eftir stafrófsröð

# Titilsætið

- Óskipt titilsæti
  - Bækur, skýrslur, vefsíður...
- Skipt titilsæti
  - Tímaritsgreinar, kaflar og greinar í ritstýrðum bókum, ritraðir...

Oftast skáletrað, þó ekki vefsíður eða efni úr stjórnsýslu

# Óskipt titilsæti

Eiríkur Rögnvaldsson. (2002, ágúst). Leiðbeiningar um ritgerðasmíð. Sótt af <http://notendur.hi.is/eirikur/ritun.htm>

Guðmundur Þorvaldsson. (í prentun). *Um ljóð Tómasar Guðmundssonar*. Reykjavík: Verðandi

Hecht, T. (1998). *At home in the street* (10. útgáfa). New York: Cambridge University Press

Menntasvið Reykjavíkurborgar. (2006). *Greinargerð starfshóps um samstarf leik- og grunnskóla*. Reykjavík: Höfundur

# Skript titilsæti

- Aaker, D. A. (1996). Measuring brand equity across products and markets. *California Management Review*, 38(3), 102–120.
- Dockett, S., Einarsdóttir, J. og Perry, B. (2009). Researching with children: Ethical tensions. *Journal of Early Childhood Research*, 7(3), 283–298. doi:10.1177/1476718X09336971
- Silja Aðalsteinsdóttir. (1999). Íslenskar barnabækur: Sögulegt yfirlit. Í Silja Aðalsteinsdóttir og Hildur Hermóðsdóttir (ritstjórar), *Raddir barnabókanna* (bls. 9–37). Reykjavík: Mál og menning.
- Stefán Jökulsson. (2012). Læsi: Grunnþáttur í menntun á öllum skólastigum. Í Aldís Yngvadóttir og Sívía Guðmundsdóttir (ritstjórar ritraðar), *Ritröð um grunnþætti menntunar*. Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið og Námsgagnastofnun.

# Útgáfusætið

Útgáfustaður: Útgáfufyrirtæki.

- Útgáfustaður
  - Borg, ekki land
  - Skrá fyrstu borgina sem kemur fram, ekki margar
  - Ekki ríki í U.S.A. nema borg sé óþekkt eða til aðgreiningar
- Útgáfufyrirtæki
  - Ekki rekstrarform (hf., ehf., Inc., Corp.)
  - Sleppa augljósum upplýsingum (~~Bókaútgáfan Bjartur, & Co, Wiley & sons~~)

# Vefsætið

Í stað útgáfusætis rafrænna heimilda

- DOI-númer
  - doi:10.1177/1476718X09336971
- Vefslóð
  - Sótt af [www.vefsetur.hi.is/ritver](http://www.vefsetur.hi.is/ritver)
    - Ekki bæta við tákni
    - Ekki enda á punkti

Almennt þarf ekki að taka fram hvenær efni er sótt af vef

# Viðbótarupplýsingar

- Í höfundarsæti
  - (ritstjóri), (annaðist útgáfu), (safnaði saman)...
- Í titilsæti
  - Tegund heimildar [hljóðbók], [bæklingur]...
  - Um útgáfu (2. útgáfa)
  - Um þýðanda (Gunnar Ragnarsson þýddi)
  - Um tegund ritgerða (óútgefin meistararitgerð)
- Í útgáfusæti
  - Um frumútgáfu (frumútgáfa 1938).
    - Tilvísun 1938/2000



# Frágangur

- Uppsetning og röð heimilda
- Tungumál
- Hástafir
- Skáletur
- Gæsalappir
- Skammstafanir

# Uppsetning og röð heimilda

- Stafrófsröð
- Mörg verk sama höfundar – tímaröð, elsta fyrst
- Mörg verk sama höfundar, frá sama ári –  
aðgreint með a, b, c... eftir stafrófsröð  
– Greinir hefur ekki áhrif á stafrófsröð
- Höfundur einn á undan heimildum höfundar  
með öðrum

## Tungumál

- Heimildaskrá skal vera á því tungumáli sem verkið er skrifað á
- Erlendar borgir íslenskaðar ef þær hafa íslenskt heiti
- Ekki nota & þegar taldir eru upp höfundar í heimildaskrá

## Hástafir

- Í heitum bóka, bókakafla og tímaritsgreina í fyrsta orði, á eftir tvípunkti í sérnöfnum
- Í heitum erlendra tímarita í sérnöfnum og orðum sem eru fjórir stafir eða lengri ef undanskildar eru forsetningar, samtengingar

## Skáletur

- Titlar bóka og tímarita
- Heildartitill verks skáletraður í titilsæti
- Það sem er skáletrað í heimildaskrá, er skáletrað í lesmáli
- Nýtt lykilhugtak í fyrsta sinn sem það kemur fyrir
- Tölfræðitákn í lesmáli

## Gæsalappir

- Gæsalappir í titlum heimilda haldast óbreyttar í heimildaskrá
- Afmarka titla greina og kafla í lesmáli
- Afmarka stuttar orðréttar tilvitnanir
- Afmarka **vafasama** orðmynd eða slettu

# Skammstafanir

- Algengar skammstafanir í heimildaskrá
  - bls. blaðsíða/-ur
  - e.d. engin dagsetning
  - o.fl. og fleiri
  - ritstj. ritstjóri / ritstjórar
- Forðast skammstafanir á stofnunum og titlum
- Geta haft fleiri en eina merkingu
  - s.s. „svo sem“ eða „sama sem“

# Ítarefni

- Heimasíða ritversins:  
[vefir.hi.is/ritverhugvisindasvids](http://vefir.hi.is/ritverhugvisindasvids)
- Leiðbeiningar um tilvísanakerfi:
  - glærur á vef ritvers Hugvísindasviðs
  - leiðbeiningar ritvers Menntavísindasviðs skv. APA-  
staðli:
    - <https://skrif.hi.is/ritver/>